

Nd.

262. Frumvarp til laga

[129. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 169 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þunga-skatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólks-flutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglnu, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskyldum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskyldum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.